



Reykjavík 13.06.2014.

Breyting á skilmálum deiliskipulagsins:

„**Breiðholt I**“ Skilmálar fyrir einbýlishús í Breiðholti.

Samþykkt í borgarráði 26.01.1966.

Breyting vegna lóðarinnar Gilsárstekkur 8.

Forsendur breytinga á skilmálum eru þær að óskað hefur verið eftir heimild til breytrar starfsemi að Gilsárstekk 8 á grundvelli nýlega samþykkt aðalskipulags 2012-2030 en þar segir m.a. í skilgreiningu á landnotkun íbúðasvæða: „Innan skilgreindra íbúðarsvæða er mögulegt að gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi enda sé um að ræða þrifalega starfsemi sem ekki veldur ónæði“. Gilsárstekkur er á íbúðasvæði þar sem eingöngu eru íbúðarhús/einbýli.

Breytingin felur í sér starfsemisbreytingu fyrir rekstur Barnahúss og heimild til breytrar notkunar á bílgeymslu tengda Barnahúsi.

Skilmálum fyrir einbýlishúsið við Gilsárstekk 8 er breytt þannig að heimilt verði að vera með starfsemi í húsinu sem samræmist skilgreiningu á landnotkun í Aðalskipulags Reykjavíkur 2012-2030 og nýta bílgeymslu sem hluta af þeirri starfsemi.

Gildandi deiliskipulag:

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er eingöngu gert ráð fyrir einbýlishúsum á umræddum reit innan deiliskipulagsins.

Breyting á skilmálum lóðarinnar Gilsárstekkur 8:

Skilmálar fyrir:

Á lóðunum skal reisa einnar hæðar einbýlishús. Bifreiðageymsla skal vera í húsinu sjálfu eða áföst við það, nema annað sé sýnt á mæliblaði.

Skilmálar eftir:

Heimilt er að vera með starfsemi Barnahúss í húsinu virka daga frá 8-17. Heimilt er að nýta bílgeymslur í tengslum við þá starfsemi sem er í húsinu þannig að um afturkræfar breytingar sé að ræða. Verði starfsemi Barnahúss aflögð á lóðinni skal húsið nýtt sem einbýlishús að nýju.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði

2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagstáði
þann 27. ágúst 2014 og í _____ þann _____ 20___.
Tillagan var grenndarkynnt frá 7. juli 2014 með athugasemdahesti til 5. ágúst 2014

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20___.
Bjarni Áslaugsson